

Tillaga til þingsályktunar

um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

Flm.: Stefán Vagn Stefánsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafðís Hrönn Hafsteinsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson, Ingibjörg Isaksen, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Jón Gunnarsson, Björn Leví Gunnarsson, Inga Sæland, Guðmundur Ingi Kristinsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Jakob Frimann Magnússon, Eyjólfur Ármannsson, Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra að láta hefja vinnu við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga. Ráðherra skili Alþingi skýrslu með niðurstöðum fyrir 1. febrúar 2025.

Greinargerð.

Tillaga þessi er nú flutt í þriðja sinn, en var síðast lögð fram á 154. löggjafarþingi (48. mál) með uppfærðri greinargerð og er nú endurflutt óbreytt.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að innviðaráðherra láti hefja vinnu við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Tröllaskagagöng hafa komið til umræðu við og við á liðnum árum. Hefur þá einkum verið rætt um tvo valkosti, annars vegar göng frá Hofsdal yfir í Barkárdal og hins vegar tvenn jarðgöng, fyrst úr Hörgárdal yfir í Skíðadal, sem er inn af Svarfaðardal, og þaðan vestur í Kolbeinsdal í Skagafirði.

Í umsögn sem barst um málið frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV, á 150. löggjafarþingi var framlagðri tillögu fagnað og þar tekið heils hugar undir þau sjónarmið sem fram komu í greinargerð. Mikilvægt sé að kannað verði til hlítar hvaða áhrif framkvæmdin kunni að hafa fyrir svæðin á Norðurlandi svo mögulegt sé að leggja raunhæft mat á hagkvæmni og samfélagsleg áhrif ganga af þessu tagi.

Í samgöngu- og innviðaaætlun Norðurlands vestra frá apríl 2022, sem fjallar um samgöngumál, áherslur og forgangsöröðun verkefna í landshlutanum, kemur fram að jarðgöng á Tröllaskaga séu enn meðal helstu áhersluverkefna samtakanna í samgöngumálum og leggja þau til að hafin verði rannsókn á hagkvæmni þess að grafa slík göng. Fjallvegurinn um Öxnadalsheiði getur verið verulegur farartálmi yfir vetrarmánuðina. Það þarf varla að tíunda þá kosti sem þessi göng hefðu í för með sér með öruggara aðgengi íbúa Norðurlands vestra að Sjúkrahúsinu á Akureyri. Auk þess að stytta leiðina yrði ekki um fjallveg að fara úr Skagafirði til Akureyrar. Rétt er að minna á í þessu samhengi að engin fæðingarþjónusta er á Norðurlandi vestra og þar með er samkeppnisstaða landshlutans sem ákjósanlegs búsetukosts fyrir ungt fólk verulega skert. Áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra þarf heldur varla að tíunda í þessu sambandi en með áætluðu millilandaflugi til Akureyrar skiptir það landshlutann verulegu máli að leiðin milli landshlutanna verði stytta og gerð greiðfærari. Stækkun vinnusóknarsvæða er landshlutanum einnig mikilvæg og möguleikar á sókn í ýmsa þjónustu myndu snarbreytast við tilkomu þessara ganga. Það er afar mikilvægt fyrir landshlutann að

kostir þessarar leiðar verði skoðaðir, ekki eingöngu út frá hagkvæmni vegna styttingar vegar og minni þjónustubarfar heldur líka hver hin samfélagslegu og efnahagslegu áhrif verða á samfélögin á Norðurlandi vestra en einnig á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í tengslum við aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar í upphafi þessarar aldar var ýmissa gagna aflað frá Lendisskipulagi ehf., m.a. um Tröllaskagagöng. Í gögnunum kemur fram að vegalengdir milli þéttbýlisstaða á Norðurlandi myndu styttest mikið með tilkomu ganganna. Þannig yrði vegalengdin frá Laugarbakka í vestri til Akureyrar 185 km ef farið er um Þverárfjall og göng milli Hjaltadals og Hörgárdals. Vegalengdin milli Hóla og Akureyrar yrði með tilkomu ganga kringum 60 km en er nú um 130 km. Vegur milli Sauðárkróks og Akureyrar myndi styttest úr um 119 km í um 90 og milli Blönduóss og Akureyrar úr 145 km í um 136 km og niður í 127 km með vegstyttingum á þeirri leið. Þannig lægu leiðir manna milli Reykjavíkur og Akureyrar um nær allar fjölmennustu byggðir á Norðurlandi vestra. Vegalengd milli Sauðárkróks og Húsavíkur yrði 167 km með tilkomu þessara ganga og Vaðlaheiðarganga. Verði þessi leið farin þarf ekki að fara yfir Öxnadalsheiði en vegurinn um hana liggur hæst í 540 m hæð. Einnig færðist aðalleiðin frá Vatnsskarði þar sem vegurinn fer í um 400 m hæð og yfir á Þverárfjall þar sem vegurinn fer hæst í 320 m. Tvenn styttri göng, úr Hörgárdal yfir í Skíðadal og úr Skíðadal yfir í Kolbeinsdal, koma einnig til greina en þau gætu gefið enn frekari möguleika á styttingu milli þéttbýliskjarna og byggðarlaga báðum megin Tröllaskagans með tilheyrandi stækkun vinnusóknar og þjónustuvæða.

Í umsögnum sveitarfélaganna um málið á 150. löggjafarþingi segir: „Snemma árs 2019 samþykktu bæjarstjórn Akureyrar og sveitarstjórn Skagafjarðar áskorun til stjórnvalda um að fjármagna grunnrannsóknir og samanburð á kostum á legu mögulegra jarðganga undir Tröllaskaga, auk rannsókna á samfélags- og efnahagslegum áhrifum slíkra ganga. Þar er einkum vísað til stækkunar vinnusóknarsvæða, styrkingar almennrar þjónustu og eflingar ferðaþjónustu, auk bættrar samkeppnisstöðu landshlutans.“

Í þingsályktunartillögu að samgönguáætlun 2024–2038 er sett fram jarðgangaáætlun til 30 ára. Þar er lögð til forgangsöröðun næstu 10 jarðganga á Íslandi ásamt fjórum öðrum jarðgangakostum til nánari skoðunar, en göng um Öxnadalsheiði eru þar 10. göng á lista. Jarðgöngin eiga öll það sameiginlegt að vera lykilþáttur í að treysta búsetuskilyrði um land allt og veita umferð fram hjá hættulegum og óáreiðanlegum fjallvegum.

Flutningsmenn telja mjög mikilvægt að göng um Öxnadalsheiði fari ofar á forgangslista samgönguáætlunarinnar því eins og rakið hefur verið myndu göng undir Tröllaskaga fela í sér gríðarlega samgöngubót fyrir íbúa Norðurlands og aðra sem þar fara um. Öryggi vegfarenda yrði stórbætt auk þess sem slík framkvæmd myndi m.a. leiða af sér stækkun vinnusóknarsvæða og eflingu ferðaþjónustu á svæðinu. Leggja flutningsmenn til að innviðaráðherra verði falið að láta hefja vinnu við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga. Í þeirri vinnu verði lagt mat á bestu leiðina sem og kostnað framkvæmdarinnar. Þá verði samfélagsleg og efnahagsleg áhrif slíkrar gangagerðar jafnframt könnuð. Lagt er til að ráðherra skili Alþingi skýrslu með niðurstöðum fyrir 1. febrúar 2025.